

6. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

Mánudaginn 1. október 2018 var fundur haldinn í nýkjörinni sameiningarnefnd A-Hún kl 15:00 í Húnavallaskóla.

Mætt voru: Þorleifur Ingvarsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar K. Jónsson, Karen Helga R Steinsdóttir, Dagný Úlfarsdóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Birna Ágústsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Magnús B. Jónsson, Halldór Ólafsson, Kristín Leifsdóttir og Guðný Sverrisdóttir.

Þorleifur Ingvarsson, setti fundinn og fól Einari Kristjáni Jónssyni að rita fundargerð. Jafnframt lagði Þorleifur fram eftirfarandi dagskrá:

1. Kosning formanns
2. Kosning í framkvæmdaráð
3. Fundargerð frá 27. apríl 2018
3. Staða verkefnisins og afstaða til sameiningar
4. Tímarammi og næstu skref
5. Samningur við Ráðrík ehf
6. Önnur mál

1. Kosning formanns:

- a. *Fram kom tillaga um Þorleif Ingvarsson, Sólheimum sem formann nefndarinnar.*
 - i. Tillagan samþykkt samhljóða, Þorleifur því rétt kjörinn formaður nefndarinnar.

2. Kosning í Framkvæmdaráð:

- a. *Fram kom tillaga um eftirfarandi einstaklinga í Framkvæmdaráð um sameiningu sveitarfélaga í A-Hún: Þorleif Ingvarsson, Guðmund Hauk Jakobsson, Dagnýju Úlfarsdóttur og Halldór Ólafsson.*
 - i. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð frá 27. apríl 2018:

- a. *Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta fundar nefndarinnar frá 27. apríl 2018.*
 - i. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Staða verkefnisins og afstaða til sameiningar:

- a. *Guðný Sverrisdóttir, ráðgjafi hjá Ráðrík ehf. fór yfir það sem búið var að gera, meðal annars:*
 - i. Með samningi, dagsettum 28. desember 2017 tóku ráðgjafar frá Ráðrík að sér að gera úttekt á og leiða umræðu um framtíðarskipan sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.
 - ii. Haldnir voru fundir með sameiningarnefnd og framkvæmdaráði hennar, fundað var með sveitarstjórnnum og félagasamtökum, vinnustaðir heimsóttir, unnið var úr gögnum frá sveitarfélögum og frá opinberum aðilum. Áfangaskýrslu var skilað til sameiningarnefndar þann 1. mars 2018.

- iii. Í byrjun apríl 2018, voru haldnir sex opnir íbúafundir sem voru afar vel sóttir, um 400 manns komu að þessu verkefni á hinum ýmsu stigum þess. Ráðrík ehf., lagði svo niðurstöðu og samtekt íbúafundanna fyrir sameiningarnefnd þann 27. apríl 2018.
 - iv. Jafnframt greindi Guðný frá þeim álitaeftum sem snerti samning við Ráðrík ehf. og næstu skref í þeim eignum.
- b. Nokkrir fundarmenn tóku til máls undir þessum lið og lýstu afstöðu sinni til verkefnisins. Meðal annars kom fram að fundarmönnum finnst vantar heildar framtíðarsýn fyrir svæðið og að íbúar vita að hverju þeir ganga. Vinna þarf samfélagssáttmála fyrir svæðið áður en kosið er um sameiningu. Ennfremur þarf það að liggja fyrirhvernig ríkisvaldið ætlar að koma á mótis við sveitarfélög sem eru að huga að sameiningu.

5. Tímarammi og næstu skref:

- a. Uppi voru hugmyndir að kosið yrði um sameiningu sveitarfélaganna á vordögum 2019 og að nýtt sveitarfélag gæti orðið til 1. janúar 2020.
 - i. Nokkrir fundarmenn drógu það í efa að þessar tímaáætlanir stæðust.
 - ii. Samþykkt að Ráðrík ehf. leggi fram verkáætlun og tímaplan um næstu skref á næsta fundi nefndarinnar.

6. Samningur við Ráðrík ehf.:

- a. Samþykkt var að fela Framkvæmdaráði að ganga frá samningi við Ráðrík ehf., um áframhaldandi starf fyrir sameiningarnefndina.

7. Önnur mál:

- a. Lagt var fyrir fundinn, erindi frá Húnavatnshreppi að E- listinn, sem hefur fulltrúa í sveitarstjórn Húnavatnshrepps, fái áheyrnarfulltrúa í sameiningarnefndinni.
 - i. Erindið samþykkt samhljóða:
- b. Rætt var um að lista þurfi upp, þau álitamál sem uppi eru á milli sveitarfélaganna og vinna þurfi drög af málefnasamningi sem fyrst.
 - i. Samþykkt var að punktar yrðu lagðir fram á næsta fundi nefndarinnar.

Fleira ekki gert fundi slitið klukkan 16:11